

Nd.

41. Frumvarp til laga

[41. mál]

um breyting á lögum um Iðnlánasjóð, nr. 68 10. okt. 1967.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason,
Halldór E. Sigurðsson.

1. gr.

Síðasti málsliður 3. gr. laganna orðist svo:

Eftir hver áramót gefur stjórn sjóðsins ráðherra ýtarlega skýrslu um hag og starfsemi sjóðsins á liðnu ári, og skal fylgja henni endurskoðaður ársreikningur. Skýrslu þessari skal fylgja sundurliðuð skrá um lán þau, sem sjóðurinn hefur veitt á árinu, og einnig sundurliðuð skrá um samanlagðar lánveitingar til einstakra lán-takenda. Ársreikninginn og skrárnar um lánveitingarnar skal birta í B-deild Stjórnar-tíðinda.

2. gr.

2. töluliður 5. gr. laganna orðist svo:

2. Framlag ríkissjóðs, er sé árlega jafnhátt tekjum þeim, er sjóðurinn fær af gjaldi því, er iðnaðurinn greiðir til hans samkv. 1. tölulið.

3. gr.

Í stað orðanna „300 milljón króna lán“ í 6. gr. laganna komi: 600 milljón króna lán, og í stað orðanna „100 milljón króna lán“ komi: 200 milljón króna lán.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Margar ástæður valda því, að iðnaðurinn hefur búið við sívaxandi lánsfjáskort á undanförunum árum, þrátt fyrir nokkra aukningu iðnlánasjóðs. Vaxandi vélvæðing og hagræðing krefst síaukins fjármagns. Gengisfellingar hafa rýrt eigið fé fyrirtækjanna og aukið stórlega rekstrarkostnað og stofnkostnað. Sparifjárbindingin hefur þrengt möguleika lánastofnana til að mæta aukinni rekstrarlánþörf iðnaðarins.

Með frumvarpi þessu er stefnt að því að auka nokkuð starfsfé iðnlánasjóðs. Í fyrsta lagi er lagt til, að ríkisframlag til sjóðsins verði jafnhátt og iðnaðurinn greiðir sjálfur til sjóðsins. Þetta hefur lengi verið krafa iðnaðarins. Breyting þessi mundi rúmlega tvöfalda ríkisframlagið, sem er nú 10 millj. kr. á ári. Í öðru lagi er lagt til að tvöfalda lántökuheimildir sjóðsins, bæði vegna venjulegra lána og hagræðingarlána. Þetta er óhjákvæmileg breyting vegna gengisfellinganna, sem m. a. hafa tvöfaldað ýmsan stofnkostnað.

Þá er lagt til, að árlega verði birt opinberlega skrá bæði um nýjar lánveitingar sjóðsins og heildarlánveitingar hans til einstakra aðila. Það er mikið vandaverk að ráðstafa fé sjóðsins, og þarf að skapa stjórn sjóðsins sem bezt aðhald um, að gætt sé réttmætrar skiptingar milli iðngreina og að hlutur einstakra fyrirtækja sé ekki dreginn meira en annarra. Sennilega er ekkert aðhald öruggara en það, að árlega sé birt yfirlit um lánveitingar sjóðsins.